



SAMEYKI

Tímarit Sameykis / 4. tbl. 2025 / sameyki.is

„Forréttindi að fá að leiða svona félag“

Kári Sigurðsson, formaður Sameykis, segir það bæði ábyrgð og forréttindi að leiða eitt fjölmennasta stéttarfélag landsins. Hann ræðir fyrstu mánuðina í starfi, áskoranir og ánægju, mannlegu hliðina á stéttarfélagsstarfi og mikilvægi samstöðu. Kári talar einnig um réttindi opinberra starfsmanna, áminningarskylduna, ábyrgð stjórnvalda og framtíðarsýn sína fyrir Sameyki sem öflugs afls í baráttunni fyrir réttlæti, jöfnuði og sterkri opinberri þjónustu.

>> Bls. 16-20

Land tækifærananna?

Fimmtíu árum eftir kvennaverkfallið sýna nýjar niðurstöður Vörðu að innflytjendakonur búa við lakari kjör og verri félagslega stöðu en innfæddar konur. Þær hafa lægri atvinnutekjur, minna húsnæðisöryggi og glíma oftar við fjárhagslega óvissu og andlega vanlíðan.

>> Bls. 14-15

Verkfallsrétturinn - heilagur réttur launafólks nema hjá sumum

Í grein Egils Kristjáns Björnssonar, fangavarðar og stjórnarmanns í Sameyki, er lýst ósanngjörnu ástandi þar sem stétt sem gegnir lykilhlutverki í öryggi ríkisins er svipt helsta vopni sínu í kjarabaráttu. Hann kallar eftir lagabreytingum, endurheimt verkfallsréttar og jafnrétti í kjarabaráttu og segir að engin stétt ætti að vera útilokuð frá grundvallarrétti launafólks.

>> Bls. 22

Gervigreindarlæsi

Við lifum á tímum þar sem gervigreindin fléttast inn í flest okkar daglegu verk, en hversu vel skiljum við hana í raun? Í greininni *Gervigreindarlæsi* fjallar Skúli Bragi Geirdal um hvernig við getum notað gervigreind á öruggan, ábyrgan og skapandi hátt án þess að tapa sjálfstæðri hugsun.

>> Bls. 8-9

Ábyrgðarmaður

Kári Sigurðsson

Ritstjóri

Axel Jón Ellenarson

Greinarhöfundar

Axel Jón Ellenarson

Egill Kristján Björnsson

Halldór Baldursson

Haraldur Jónasson

Kristín Heba Gísladóttir

Jóhanna Þóroddsdóttir

Kolbeinn Stefánsson

Skúli Bragi Geirdal

Sóllilja Bjarnadóttir

Þórður Kristófer Ingibjargarson

Prófarkalestur

Bjarni Benedikt Björnsson

Forsíðuljósmýnd

Birgir Ísleifur Gunnarsson

EFNISYFIRLIT

- 6** Mikilvægi náms og þróunar
8 Gervigreindarlæsi
10 Gervigreind skapar áhættu og áskoranir
12 Hugsandi vélar, gervigreindarmanneskjur
14 Land tækifæra
17 Forréttindi að fá að leiða svona félag
21 Skopið
22 Verkfallsrétturinn
23 Brot á jafnræðisreglunni
24 Stoppað í matargatið
26 Af vettvangi Sameykis
30 Verðlaunahafi krossgátunnar
31 Krossgáta

Skrifstofa Sameykis

Grettisgata 89 - 105 Reykjavík.

Opíð mán.-fím. 9:00-15:00 og fös. 9:00-13:00.

Sími: 525 8330.

Netfang: sameyki@sameyki.is

Veffang: sameyki.is

ISSN: 1670-881

Prentun

Prentmet Oddi. Tímarit Sameykis er prentað á umhverfisvænan og svansvottaðan pappír úr hringrásarferli Svansins. Einnig er tímaritið prentað með Svansvottuðum jurtalitum en ekki jarðolíulitum.



LEIÐARI

Horft fram á veginn

Samfélagsþróunin er hröð og því er gríðarlega mikilvægt að horfa fram á veginn og átta sig á þeim áskorunum sem stéttarfélag standa frammi fyrir, hvort sem þau eru á almenna vinnumarkaðinum eða á hinum opinbera. Við megum ekki sofna á verðinum og taka því sem gefnu að réttindi sem hafa áunnist haldist óbreytt. Það er heldur ekki sjálfgefið að þróun vinnumarkaðarins verði alltaf jákvæð, til dæmis varðandi styttingu vinnuvikunnar, orlofsréttindi og laun.

Samstaða stéttarféлага og virkt félagsfólk er lykillinn að styrk verkálýðshreyfingarinnar til framtíðar. Við verðum að efla stéttarfélagssvitund fólks; það eru öfl í landinu sem hafa hag af því að sú vitund dofni með næstu kynslóðum. Mikil verðmæti felast í að virkja ungt fólk innan félagsins og við höfum tekið fyrstu skrefin til að ná betur til þess, meðal annars á samfélagsmiðlum félagsins. Það er mikilvægt að ungt fólk finni að Sameyki sé vettvangur þar sem rödd þess skiptir máli og framtíð vinnumarkaðarins mótist í samstarfi við það. Bakland Sameykis er sterkt og nú þurfum við að leggjast á árarnar, ná til unga fólksins og fá það með okkur í lið. Það er klisja að tala um framtíðina og ungt fólk en klisjur eru sem betur fer oft byggðar á staðreyndum eins og í þessu tilfelli.

Undanfarnar vikur og mánuði höfum við í Sameyki átt ótal ánægjuleg og lærdómsrík samtöl við félagsfólk

okkar. Við höfum hitt fjölbreytta hóp, bæði á vinnustöðum, á fundum og í hádegisverðum hér á skrifstofu Sameykis. Það hefur verið virkilega gefandi að hitta ykkur, heyra af reynslu ykkar og ræða áskoranir og tækifæri í starfinu. Þessi samtöl minna okkur á hversu öflugt, fjölbreytt og mikilvægt félagsfólk Sameykis er í samfélaginu öllu.

Eitt af því sem hefur komið skýrt fram í þessum heimsóknum er hversu mikilvægur trúnaðarmaðurinn er á hverjum vinnustað. Trúnaðarmenn eru tengiliðir, ráðgjafar og málsvavar samstarfsfólks síns. Þeir eru burðarás í starfi Sameykis og lykillinn að því að tryggja virðingu, réttindi og gott samstarf á vinnustöðum. Skráning trúnaðarmanna á námskeið á vegum félagsins hefur í haust verið til mikillar fyrirmyndar. Ég vil nota tækifærið til að þakka öllum trúnaðarmönnum fyrir þeirra mikilvæga starf og þann metnað sem þeir sýna dag hvern.

Að lokum langar mig að minna ykkur á að Sameyki er stéttarfélag allra hópa. Við leggjum mikla áherslu á að félagsfólk okkar fái tækifæri til starfsþróunar og við viljum gera öllum hópum hátt undir höfði, hvort sem félagsfólk er með formlega menntun eða ekki.

Nú þegar árið er á enda vil ég þakka félagsfólki Sameykis fyrir gott samstarf og samstöðu á árinu sem er að líða. Ég óska ykkur öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári. ■



Kári Sigurðsson
Formaður Sameykis

Stofnun ársins 2025

Taktu þátt í vali á Stofnun ársins

Stofnun ársins er viðamikil könnun á starfsumhverfi og mannauðsmálum opinberra stofnana og starfsstaða. Tilgangur hennar er að styrkja stjórnun og vinnuskilyrði starfsfólks í almannapjónustu.

Niðurstöðurnar veita ítarlegar upplýsingar um styrkleika og áskoranir í starfsumhverfi á opinberum vinnumarkaði sem nýta má til umbótastarfs.

Svaraðu könnuninni á Mínum síðum á sameyki.is



SAMEYKI

Ögmundur varar við árásum á réttindi opinberra starfsmanna

Í frétt á vef Sameykis, „**Árás á réttindi launafólks**“ – Ögmundur Jónasson gagnrýnir áform um afnám áminningarskyldu, 27. október sl. er fjallað um áform stjórnvalda að afnema skyldu um skriflega áminningu starfsmanna ríkisins áður en slíkt ferli leiðir til uppsagnar. Ögmundur gagnrýnir þessar fyrirhuguðu breytingar og segir þær vera árás á réttindi launafólks. Hann leggur áherslu á að áminningarferlið tryggi starfsmanni tækifæri til að svara ásökunum, bæta ráð sitt og fá sanngjarna málsmeðferð áður en til uppsagnar komi. Hann telur að með afnámi áminningarskyldunnar sé verið að finna leið fram hjá þessum grundvallarétti og grafa undan vernd launafólks.

Á hinn bóginn telur Lísbet Sigurðardóttir, lögmaður hjá Viðskiptaráði Íslands, að áminningarskylda opinberra starfsmanna hafi orðið til þess að gera ríkisrekstur óskilvirkur og sé kostnaðarsöm. Hún heldur því fram að áminningarskylda og starfsmannalög opinberra starfsmanna brjóti gegn jafnræði á vinnumarkaði og dragi úr sveigjanleika í rekstri ríkisins.

Ögmundur segir slíkan málflutning Viðskiptaráðs um samræmingu réttinda hjá hinu opinbera og á almennum markaði undir formerkjum réttlætis vera innantóma blekkingu. Allt gangi



Ögmundur Jónasson, f.v. formaður BSRB, og Lísbet Sigurðardóttir, lögmaður hjá Viðskiptaráði. Ljósmynd Axel Jón

þetta út á að samræma niður á við – hafa réttindi af fólki og rýra réttarstöðu launafólks.

Undir þessi sjónarmið Ögmundar hefur Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, tekið og sagði í viðtali í Tímariti Sameykis sem kom út í september sl. að áminningarskyldan ætti að eiga við allan vinnumarkaðinn ef breyta ætti starfsmannalögum um opinbera starfsmenn. ■

Gervigreind á tækniöld

Tímarit Sameykis er að þessu sinni tileinkað gervigreind og þeim áhrifum sem hún hefur á störf, vinnuumhverfi og samfélag. Þótt tæknin skapi ný tækifæri fylgja henni líka áskoranir og spurningar um siðferði, ábyrgð og réttlæti. Hvernig tryggjum við að ný tækni þjóni fólki – ekki öfugt? Sameyki leggur áherslu á að þessi umræða sé ekki aðeins á tæknilegum forsendum heldur þeim mannlegu líka; hvernig við vinnum, hvernig við lærum og hvernig við stöndum vörð um réttindi launafólks þegar störf breytast. Gervigreindin krefst nýrrar hugsunar í menntun, í umræðu um kjaramál og stefnumótun og þar hefur Sameyki mikilvægu hlutverki að gegna.

Í tímaritinu ræðir Kári Sigurðsson fyrstu mánuðina í starfi sínu sem formaður Sameykis en líka ábyrgðina og samstöðuna sem knýr félagið áfram.

Við kynnum niðurstöður Vörðu sem sýna að fimmtíu árum eftir kvennaverkfallið búa innflytjendakonur við lakari kjör og minna öryggi en innfæddar konur, sem er áminning um að jafnrétti er stöðugt verkefni. Við birtum einnig grein Kolbeins Stefánssonar, dósents við Háskóla Íslands, sem veltir fyrir sér hvort vélar geti í raun hugsað – eða hvort við mennirnir séum kannski sjálfir

orðnir að forrituðum verum í samfélagi sem krefst sífellt meiri skilvirkni. Þessi vangavelta er ekki aðeins heimspekileg, heldur kallar hún á spurningu um hvernig við skilgreinum mannleg gildi í heimi þar sem mörkin milli manns og vélar eru mäske að þurrkast út.



Skúli Bragi Geirdal, sviðsstjóri hjá Netvís, veltir fyrir sér notkun samfélagsmiðla meðal fólks þar sem gervigreindin hefur tekið sér sess í umræðunni og er farin að hafa margbreytileg áhrif á hvernig við neytum upplýsinga. Egill Kristján Björnsson fjallar um verkfallsréttinn – þennan heilaga rétt launafólks – og kallar eftir jafnræði í kjarabaráttu.

Við lítum einnig til baka til kvennaverkfallsins 2025 hér á næstu síðu þar sem samstaða og baráttuvilji kvenna og kvára kom í ljós. Á síðum tímaritsins er einnig fjallað um fræðslu, þróun, nýstofnaða fagdeild félagsfólks sem starfar í frístund og réttindamál opinberra starfsmanna.

Við vonum að efnið í þessu blaði vekji áhuga, hvetji til umræðu og styrki sameiginlega sýn okkar á réttlátt, mannlegt og tæknivætt samfélag framtíðarinnar – þar sem gervigreind þjónar fólki, ekki öfugt. ■

Kvennaverkfall 2025: Samstaða og afl jafnréttisbaráttunnar

Konur og kvár um allt land sameinuðust á kvennaverkfallsdeginum 24. október sl. og sýndu að kvennabaráttan heldur áfram af jafn mikilli gleði, stolti og krafti og einkennt hefur þennan baráttudag. Tugir þúsunda komu saman á viðburðum um allt land í tilefni af kvennafrídeginum. Kröfugöngur og samstöðufundir fóru fram í hinum ýmsu byggðarlögum. Um fimmtíu þúsund manns gerðu sér ferð í miðborg Reykjavíkur í tilefni dagsins. Um land allt komu konur og kvár saman til að krefjast breytinga í íslensku þjóðfélagi sem miða að raunverulegu jafnrétti kynjanna og samfélagslegu réttlæti.

Meðal krafna, sem hægt er að kynna sér á vefnum kvennaar.is, er m.a. að leiðrétta kerfisbundið vanmat á kvennastörfum, tryggja að hægt sé að bera saman jafn verðmæt störf þvert á vinnustaði, klára vinnu við heildstætt virðismatskerfi og endurskoða starfsmat sveitarfélaga, lögfesta rétt barna til leikskólavistar strax að loknu fæðingarorlofi, endurskoða lög um nauðganir og önnur kynferðisbrot og annað kynbundið ofbeldi, til að fanga meðal annars brot í netheimum og á samskiptamiðlum, þannig að hatursorðræða á grundvelli kynjamisréttis, kvenhaturs og aðrar tegundir hatursorðræðu á grundvelli kyns, verði gerð refsiverð.

Áhrifaríkur fundur á Arnarhóli

Það er óhætt að segja og ekki ofsagt að hápunktur ársins var á Arnarhóli þegar tugir þúsunda kvenna og kvára lögðu niður störf og komu saman til að minna á mikilvægi kvennastarfa – bæði launaðra og ólaunaðra.

Stórkostleg stemning var á Arnarhóli og áhrifaríkt að upplifa samstöðuna. Ræður, list og gleði einkenndu daginn og slagorðið „Við stöndum saman“ var á allra vörum en líka baráttusöngurinn sem einkennir Rauðsokkahreyfinguna Áfram stelpur, sem endurómaði í hugum fólks nokkra daga á eftir; „En þori ég, vil ég, get ég, já ég þori, get og vil ...“.

Skugga bar á samstöðuna

Dagurinn markaði 50 ára afmæli fyrsta kvennafrídagsins, á kvennaári Sameinuðu þjóðanna árið 1975, þegar konur komu saman til að sýna samfélaginu hversu ómetanleg vinna þeirra er. Í ár lokuðu margir vinnustaðir eða skipulögðu þátttöku starfsfólks síns en þó bar skugga á samstöðuna því sumir opinberir vinnustaðir stigu niður fæti gegn þessum baráttudegi, tóku niður auglýsingar um kvennaverkfallið á kaffistofum og sameiginlegum starfsmannasíðum og sýndu tregðu að miðla upplýsingum til starfsfólksins um daginn. Sameyki fékk nokkrar tilkynningar um slíkt og einnig BSRB. Þá fluttu fjölmiðlar fréttir af nokkrum þannig málum.

Á kvennaári 2025 hefur ekki aðeins verið minnst kvennaverkfalls árið 1975 heldur horft til framtíðarinnar þar sem ný kynslóð kvenna og kvára hefur tekið við keflinu í jafnréttisbaráttunni. Samstaða, seigla og samkennd var leiðarstef þessa stóra dags og íslenskar konur og kvár hafa enn á ný sýnt að baráttan fyrir jafnrétti einskorðast ekki einungis við fortíðina eða framtíðina heldur er lifandi afl í samtímanum. ÁFRAM STELPUR! ■



Frá kvennaverkfalli 24. október 2025. Ljósmyndir/Kvennaár/Kristín María

Mikilvægi náms og þróunar

Eftir Jóhönnu Þórdórsdóttur



Fræðsla er eitt mikilvægasta verkfæri starfsfólks til að efla sig í starfi, mæta breytingum á vinnumarkaði og tryggja jöfn tækifæri allra. Sameyki leggur ríka áherslu á að félagsfólk hafi aðgang að fjölbreyttum námsleiðum í gegnum fræðslumiðstöðvarnar Framvegis og Starfsmennt, og að fræðslan sé í takt við nýjar áskoranir á vinnumarkaðnum, þar á meðal þær sem fylgja gervigreind og stafrænum umbreytingum.

Á vinnumarkaði dagsins í dag gerast breytingar hraðar en nokkru sinni fyrr. Ný tækni, breytt vinnumhverfi og auknar kröfur um hæfni kalla á stöðuga endurmenntun og símenntun félagsfólks í Sameyki og almennt á vinnumarkaði. Til að mæta þessum breytingum þarf starfsfólk að hafa raunhæf og góð tækifæri til að efla sig og þróast í takt við þessar breytingar og þess vegna er fræðsla sem í boði er á vegum Sameyis eitt mikilvægasta jöfnunartæki vinnumarkaðarins.

“

"Við hjá Sameyki vitum að fræðsla er ekki aðeins verkfæri til framgangs í lífi og starfi, heldur líka grundvöllur jöfnuðar á vinnumarkaði. Með því að tryggja aðgengi allra að námi og endurmenntun styrkjum við stöðu starfsfólks og stuðlum að jafnvægi á vinnumarkaði því eins og sagt er gjarnan; menntun er réttur – ekki forréttindi."

Fræðsla fyrir allt félagsfólk

Sameyki hefur á undanförunum árum byggt upp öflugt samstarf við Framvegis og Starfsmennt sem bjóða upp á fjölbreytt úrval námskeiða og námsleiða á vorönn og haustönn. Starfsmennt leggur áherslu á símenntun og starfsþróun

fyrir opinbera starfsmenn, bæði í stað- og netnámi. Þar má meðal annars finna námskeið um gervigreind, teymisvinnu, samskipti, skipulag, þjónustu og stafræna hæfni. Framvegis býður jafnframt upp á fjölbreytt námskeið í gegnum Gott að vita, hvort sem er í staðnámi eða fjarnámi. Einnig sérhæfir Framvegis sig í að bjóða upp á annað tækifæri til náms fyrir þá sem hafa lagt lykkju á leið skólagöngu sinnar.

Námið hjá bæði Starfsmennt og Framvegis er hagnýtt og miðar að raunverulegum þörfum fólksins sem sinnir fjölbreyttum daglegum verkefnum. Það hjálpar starfsfólki við að taka næstu skref í starfsþróun, auka öryggi sitt á vinnumarkaði, njóta gleði og ná árangri í störfum sínum. Félagsfólk getur líka bókað samtal við náms- og starfsráðgjafa hjá Starfsmennt sér að kostnaðarlausu til að skýra sínar áherslur í fræðsluvali.

Menntun sem jöfnuður

Við hjá Sameyki vitum að fræðsla er ekki aðeins verkfæri til framgangs í lífi og starfi, heldur líka grundvöllur jöfnuðar á vinnumarkaði. Með því að tryggja aðgengi allra að námi og endurmenntun styrkjum við stöðu starfsfólks og stuðlum að jafnvægi á vinnumarkaði því eins og sagt er gjarnan; menntun er réttur – ekki forréttindi. Sameyki hefur um árabil lagt áherslu á að félagsfólk geti nýtt sér þau námskeið sem í boði eru hverju sinni og veitir félagsfólki námsstyrki til þess í gegnum Mínan síður Sameyis. Við lítum svo á að fræðslan sé samfélagsleg fjárfesting sem skilar sér margfalt til baka.

Ein stærsta áskorun samtímans er hin hraða þróun gervigreindarinnar. Þessi nýja tæknibylting hefur á undanförunum árum breytt því hvernig við vinnum, lærum og hugsum. Gervigreind getur hjálpað okkur að vinna markvissar, bæta þjónustu og aukið skilvirkni í starfi en um leið krefst hún nýrrar þekkingar og ábyrgðar. Sameyki hvetur félagsfólk til að kynna sér vel hvernig nýta má gervigreind á gagnlegan og ábyrgan hátt. Þá er rétt að benda sérstaklega á að í samstarfi við Framvegis og Starfsmennt eru nú í boði námskeið sem fjalla sérstaklega um notkun gervigreindar í daglegum störfum og áhrif hennar á vinnumhverfi. Að mennta sig í gervigreind og stafrænum hæfnipáttum er mikilvægt, og þau sem tileinka sér hana núna verða betur í stakk búin til að takast á við breytingar og ný tækifæri á vinnumarkaði framtíðarinnar.

Aldrei hefur það verið okkur betur ljóst sem störfum í fræðslumálum hjá Sameyki að fræðsla er fjárfesting í framtíðinni fyrir einstaklingana jafnt sem samfélagið allt því fræðsla eykur sjálfstraust og starfsánægju en opnar líka um leið á ný tækifæri. Fyrir vinnustaði getur fræðsla, ef rétt er að staðið, verið lykillinn að betri þjónustu, aukinni fagmennsku og betri starfsanda. Með öflugum fræðslustarfi í samstarfi við Framvegis og Starfsmennt tryggir félagið að félagsfólk haldi áfram að vaxa, takast á við nýja tíma og nýta kraft tækninnar til að bæta bæði störf og samfélag. ■

Höfundur er fræðslustjóri Sameyis.

VILT ÞÚ

Læra • Vaxa • Blómstra

Kíktu þá á hvaða þjónustu Starfsmennt
getur veitt þér!

- Fjölbreytt úrval námskeiða og fræðslu
- Spjall og ráðgjöf um náms- og starfsþróun
- Ferða- og dvalarstyrkir vegna náms



Skannaðu QR- kóðann, skráðu þig
á póstlistann okkar og fáðu fréttir
af fræðslu og annarri þjónustu
beint í pósthólfnið þitt.



www.smennt.is | s. 560 0060 | smennt@smennt.is

Gervigreindarlæsi

Eftir Skúla Braga Geirdal

Fyrirvari: Þessi grein er skrifuð af manneskju af holdi og blóði frá upphafi til enda.



Það er varla að maður stígi stafrænt fótspor núorðið án þess að gervigreindin komi þar við sögu að einhverju leyti. Auglýsingaveggir samfélagsmiðla vilja ólmir segja mér hvernig ég geti hámarkað afköst mín í starfi með aukinni notkun gervigreindar. Bottarnir taka undir í athugasemdakerfunum og djúpfalsanir af þjóðþekktum og heimsfrægum einstaklingum segja mér staðreyndir málsins. Á sama tíma sendir algóritminn minn mér myndbönd af sannfærandi gerviáhrifavöldum í líki grískra guða sem segja mér hvernig ég geti komist í betra

Líklega er ég bara leiðinlegur og á móti tækniþróun og nýsköpun ef ég fer eitthvað að lesa innihaldslýsinguna, efast um gæði vörunnar og setja spurningarmerki við framleiðsluhraðann. Er ég yfir höfuð nógu greindur til að efast um gervigreindina? Ég gæti vissulega spurt málíkanið, spjallmennið eða farið í gamla góða Google-leiðangurinn þar sem Gemini réttir mér hjálparhönd... bíddu ha? Er það líka gervigreind?... Sem betur fer mæta nú í tæka tíð krúttlegu gervigreindarbörnin þegar ég fer að hafa of miklar áhyggjur, mikið ofboðslega er þetta allt sniðugt.

Gervigreindarlæsi er lykilhæfni í nútíma samfélagi

Markmið þessarar greinar er ekki að vera á móti notkun gervigreindar (höfundur er það alls ekki). Þess í stað skulum við horfa til þess hvernig við tryggjum örugga og ábyrga notkun við innleiðingu á gervigreindarlausnum. Rétt eins



Mynd unnin af grafískum hönnuði af holdi og blóði.

form með því að reka einkaþjálfarann minn og velja frekar sérsniðið gervigreindarprógramm. „Ætli starfið mitt sé líka í hættu?“ Finnum við okkur í sömu stöðu og sykurinn þegar gervisætan fór að ryðja sér til rúms á markaði? En er það svo slæmt, er ekki Pepsi betra sem Pepsi Max? Ég drekk allavega meira af því í dag.

og við nálgumst fræðslu á sviði miðlalæsis um mismunandi miðla og upplýsingaveitur þá getum við yfirfært þá nálgun á hvernig við meðhöndlum og vinnum með gervigreind í lífi og starfi. Gervigreindarlæsi miðar að því að efla hæfni okkar í að leita að, skilja, greina, meta og skapa upplýsingar á öruggan og skilvirkan hátt. Í tvö ár hefur verið í þróun fræðsla um



Bottarnir taka undir í athugasemdakerfunum og djúpfalsanir af þjóðþekktum og heimsfrægum einstaklingum segja mér staðreyndir málsins. Á sama tíma sendir algóritminn minn mér myndbönd af sannfærandi gervíáhrifavöldum í líki grískra guða sem segja mér hvernig ég geti komist í betra form með því að reka einkaþjálfarann minn og velja frekar sérsniðð gervigreindarprógramm. „Ætli starfið mitt sé líka í hættu?“

gervigreindarlæsi hjá Netvís – Netöryggismiðstöð Íslands (áður SAFT) og eftirspurnin er mikil frá skólum um allt land.

Til þess að þessi lestur nýtist sem best koma hér 10 heilræði/hugvekjur í gervigreindarlæsi sem gott er að hafa á bak við eyrað þegar við notum gervigreindina næst við upplýsingaleit, textaskrif, samantekt, myndvinnslu, hversdagslegt spjall eða einfaldlega til aðstoðar við dagleg verk:

1. **Könnum heimildir**

■ Heimild er ekki sama og heimild. Ef hlekkur fylgir svari frá mállíkani gervigreindar er mikilvægt að kanna áreiðanleika hans.

2. **Förum fram á heimildir**

■ Ef gervigreindin lætur heimildir ekki fylgja skulum við biðja um þær. Það er sjálfsgöð krafa.

3. **Einstaklingurinn á myndinni þarf að gefa leyfi**

Góð regla er að þegar við tökum eða deilum myndum þarf einstaklingurinn sem er á myndinni að gefa samþykki. Sama á við um myndir af öðrum sem við vinnum með gervigreindartólum eða öðrum myndvinnsluforritum.

Lög um kynferðislega friðhelgi

„Hver sem útbýr, aflar sér eða öðrum, dreifir eða birtir myndefni, texta eða sambærilegt efni, þ.m.t. falsað efni, af nekt eða kynferðislegri háttsemi annars manns án hans samþykkis skal sæta sektum eða fangelsi allt að 4 árum.“

4. **Gerðu verkið að þínu eigin**

■ Lögum textann sem gervigreindin skapar fyrir okkur. Þín skoðun og sköpun skiptir máli.

5. **Láttu gervigreindina spyrja þig**

■ Það getur verið gagnlegt að biðja gervigreindina um að spyrja okkur spurninga til baka um viðfangsefnið. Bæði til að fá okkur til að hugsa og til að skapa samtal um uppbygginguna á verkinu.

6. **Upplýsingaverksmiðja en ekki gervigreind**

Gott er að hugsa um gervigreindarmállíkön sem upplýsingaverksmiðjur frekar en greind. Magnús Smári Smáráson verkefnastjóri gervigreindar við Háskólann á Akureyri orðaði þetta vel í grein sinni: „Afurðin er ekki sannleikur eða viska, heldur fjöldaframleidd upplýsingavara: texti, tölvukóði, myndir. Eins og í öllum verksmiðjum verða til gallaðar vörur, í þessu tilfelli „ofsjónir“ eða rangfærslur. [...] Við erum orðin eins og „samskeytarar“ við enda færibandsins, sem þurfum að gæðastýra og setja vöruna saman á ábyrgan hátt.“

7. **Staður og stund**

■ Veltum fyrir okkur hvaða verkefni við ætlum að leysa sjálf og hvað við viljum að gervigreindin leysi. Hvar þurfum við sköpun og hvar þurfum við fjöldaframleiðslu?

8. **Tölum líka við fólk**

■ Gervigreindin getur verið góður staður til að koma einhverju frá sér. Stundum fer spjallið á slíka dýpt að eins og um besta vin er að ræða. Höfum bakvið eyrað að gervigreindin er ekki manneskja. Það er gott að tala líka við fólk, sérstaklega um erfið mál.

9. **Góðar hugmyndir taka tíma**

■ Heilinn í okkur er hannaður til að hugsa en ekki til að vera mataður af upplýsingum. Hlaupum ekki alltaf beint í gervigreindina eftir svörum. Gefum okkur líka svigrúm til að hugsa og leysa málið.

10. **Stattu með sjálfum þér**

■ Þín skoðun skiptir máli. Verum ekki hrædd við að taka ákvarðanir. Þú ert frábær eins og þú ert. Láttu hvorki gervigreind eða manneskju segja þér neitt annað. ■

Höfundur er sviðsstjóri Netvís – Netöryggismiðstöðvar Íslands

Gervigreind skapar áhættu og áskoranir

Eftir Axel Jón Ellenarson



Gervigreind hefur á örfáum árum orðið eitt stærsta viðfangsefni samtímans, enda er hún fjórða tæknibyltingin sem á skömmum tíma hefur breytt því hvernig við vinnum, hugsum og skipuleggjum samfélagið, og er opinberi vinnumarkaðurinn þar engin undantekning. Ætla má að vinnustaðir og stofnanir ríkisins muni nýta gervigreind til að bæta þjónustu, draga úr kostnaði og flýta ákvörðunum en á sama tíma vex óvissan um þessa nýju tækni sem við erum að kynnast, því hún getur einnig grafið undan mannlegum gildum, dómgreind og réttlæti ef hún er notuð án siðferðilegra viðmiða.

Áskoranir og óvissupættir vegna notkunar gervigreindarinnar

Á ráðstefnum NTR og NSO, sem Sameyki fjallaði um á vef félagsins, kom fram að gervigreindin veitti tækifæri en um leið stafaði ákveðin ógn af henni og henni yrði að setja reglur¹. Á báðum ráðstefnunum var rætt um áhrif hennar á opinber störf þar sem kom m.a. fram að gervigreindin hefur hvorki tilfinningar né býr yfir dómgreind, og því stendur samfélagið frammi fyrir óvissu² varðandi áhrif þessarar nýju tækni á opinber störf og um leið velferðarkerfið. Þessi óvissa er því ekki aðeins tæknileg heldur einnig siðferðileg, sem snýr að því hvernig tryggja má að tæknin þjóni fólki en ekki aðeins sjálfri sér.

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum gervigreindar á vinnumarkaðinn sem sýna að hún getur bæði styrkt og veikt opinber störf og stjórnsýslu, allt eftir því hvernig hún er notuð. Í grein í *Procedia Computer Science*³ eftir Leif Jonas Tveita, MA í upplýsingakerfum frá Háskólanum í Agder í Noregi og Eli Hustad, PhD í upplýsingakerfum frá Háskólanum í Ósló, er bent á að gervigreindin geti aukið skilvirkni og forspárhæfni en jafnframt skapað hættu vegna skorts á gagnsæi og svokölluðu „automation bias“ þegar mannleg dómgreind vikur fyrir blindri trú á vélrænar niðurstöður. Í rannsókn sem Anneke Zuiderwijk leiddi, sem er félagsfræðiprófessor við Tækniháskólann í Delft

(TU Delft) í Hollandi, og ber heitið „Artificial Intelligence in the Public Sector: Literature Review and Research Agenda“⁴ er varað við að of mikil sjálfvirknivæðing starfa geti grafið undan lýðræðislegu aðhaldi sem einungis er á mannlegu valdi. Það geti leitt til ábyrgðarleysis innan opinberra stofnana og vinnustaða ef ekki sé skýrt hver ber endanlega ábyrgð á ákvörðunum sem þar eru teknar. Sú hættu blasir við þegar sjálfvirknivæðing gervigreindarinnar er innleidd, þar sem hún hefur hvorki dómgreind né tilfinningar til að meta mannleg samskipti.

“

Í anda norræns samstarfs hefur Sameyki ítrekað að innleiðing gervigreindar verði að byggjast á samráði, siðferðilegum grunni og regluramma sem tryggir réttindi starfsfólks og traust almennings. Það er eina leiðin til að tæknin verði notuð til að efla velferð en ekki til að grafa undan henni. Það er ljóst að gervigreind getur opnað fyrir mikla möguleika til að bæta opinbera þjónustu, gera ferla skilvirkari og nýta gögn á ábyrgan hátt.



Áhrif gervigreindarinnar á störf og hæfni

Í nýlegri rannsókn sem birtist á vef Cornell-háskóla í Bandaríkjunum og ber titilinn „Notkun skapandi gervigreindar er þegar orðin útbreidd í opinbera geiranum,“ (bein þýðing með hjálp gervigreindar, Generative AI is already widespread in the public sector)⁵ eftir sérfræðinga á sviðum tækni og félagsvísinda kemur fram að um 22 prósent opinberra starfsmanna noti nú þegar gervigreind í daglegum störfum og að tæknin geti minnkað skrifræði um einn dag í viku ef hún er rétt innleidd. Það er nokkuð stórt ef. Í greininni er sýnt fram á að þessi tæknibylting er alls ekki áskorun sem tilheyrir framtíðinni og ber að takast á við í rólegheitum heldur brýnt úrlausnarefni nútímans sem allir verða að huga að. Störfín eru að breytast og hæfnipörfin þróast hratt um leið og önnur verkefni hverfa, en á sama tíma eykst þörfin á sérfræðingum sem kunna að vinna með tækninni, túlka niðurstöður hennar og viðhalda mannlegum þáttum í allri ákvarðanatöku. Enn fremur sýnir rannsóknin fram á áhrif gervigreindarinnar í mótun á stefnumörkun stjórnvalda, að þegar tæknin tekur yfir geta mannlegar forsendur og pólitísk stefnumótun og gildi hennar orðið undir, sem undirstrikar þetta mikilvægi jafnvægis milli tækninnar og mannlegrar ábyrgðar.

Með nýrri tækni fylgir áhætta af siðferðilegum toga

Gjarnan er velt upp spurningunni um hina siðferðilegu áhættu sem má segja að birtist í fjórum meginþáttum þegar gervigreind er brúkuð; hlutdrægni í gögnum, óljósri ábyrgð, skorti á gagnsæi og mögulegri fjarlægð sem skapast milli borgaranna og stjórnvalda sem hefur þá bein áhrif á sjálft lýðræðið. Í greininni „A Trust Framework for Government Use of Artificial Intelligence and Automated Decision Making“⁶ eftir Jakob Mokander, DPhil frá Oxford-háskóla, og Ralph Schroederer, prófessor við Oxford Internet Institute við Háskólann í Oxford, er fjallað um þá þætti þar sem lögð er áhersla á að dómgreind mannsins skuli ávallt vera siðasti áfangastaður ákvarðana. Þessi nýja tækni má aðstoða við ákvarðanatöku en aldrei stjórna né ráða þeim því þá hverfur gagnsæið, mannlegi þátturinn og um leið ákvarðanavald borgaranna og stjórnvalda.

Í greininni bregða þeir upp greinilegum siðferðilegum mörkum hvað varðar notkun gervigreindar almennt.

Í anda norræns samstarfs hefur Sameyki ítrekað að innleiðing gervigreindar verði að byggjast á samráði, siðferðilegum grunni og regluramma sem tryggir réttindi starfsfólks og traust almennings. Það er eina leiðin til að tæknin verði notuð til að efla velferð en ekki til að grafa undan henni. Það er ljóst að gervigreind getur opnað fyrir mikla möguleika til að bæta opinbera þjónustu, gera ferla skilvirkari og nýta gögn á ábyrgan hátt. Án mannlegrar dómgreindar, siðferðilegrar umhugsunar og gagnsærrar stefnu getur tæknin þó orðið hættuleg og því má segja að framtíð vinnumarkaðarins velti m.a. á að við lærum að lifa með gervigreindinni á ábyrgan og upplýstan hátt og í samvinnu sem styrkir bæði fólk og samfélag, en ekki í skugga hennar. ■

Heimildir:

1. NSO ráðstefna: Gervigreindinni þarf að setja regluverk. (2023, 29. ágúst). [Frétt á vef Sameykis: Ann-Therese Enarsson]. <https://www.sameyki.is/frettir/stok-frett/2023/08/29/NSO-radstefna-Gervigreindinni-tharf-ad-setja-regluverk>
2. NTR ráðstefna: „Gervigreind, óvissa um óvissuna um það óþekkta“. (2025, 26. ágúst). [Frétt á vef Sameykis: Øystein Holm-Haagensen]. <https://www.sameyki.is/frettir/stok-frett/2025/08/26/NTR-radstefna-Gervigreind-ovissa-um-ovissuna-um-thad-othekkta>
3. Tveita, L. J. og Hustad, E. (2025). Benefits and challenges of artificial intelligence in public sector: A literature review. *Procedia Computer Science*, 256, 222–229. <https://doi.org/10.1016/j.procs.2025.02.115>
4. Zuiderwijk, A., Chen, Y.-C. og Salem, F. (2021). Implications of the use of artificial intelligence in public governance: A systematic literature review and a research agenda. *Government Information Quarterly*, 38(3), 101577. <https://doi.org/10.1016/j.giq.2021.101577>
5. Bright, J., Enock, F. E., Esnaashari, S., Francis, J., Hashem, Y. og Morgan, D. (2024). Generative AI is already widespread in the public sector. *Digital Government: Research and Practice*, 6(1), 2. <https://doi.org/10.1145/3700140>
6. Andrews, P., de Sousa, T., Haefele, B., Beard, M., Wigan, M., Palia, A., Reid, K., Narayan, S., Dumitru, M., Morrison, A., Mason, G. og Jacquet, A. (2022). A trust framework for government use of artificial intelligence and automated decision making. *CoRR: A computing research repository*. <https://doi.org/10.48550/arXiv.2208.10087>

Hugsandi vélar, gervigreindar- manneskjur

- Í minningu Johns Searle

Eftir Kolbein Stefánsson

Bandaríski heimspekingurinn John Searle lést þann 17. september síðastliðinn. Árið 2019 var hann sviptur emeritusstöðu sinni við Berkeley-háskóla í Kaliforníu vegna ásakana um kynferðislega áreitni og fleira því tengt. Það varpar dökkum skugga á feril annars ágæts heimspekings.



Hann hafði áhugaverða hluti að segja um meðvitund (og um gervigreind sem anga af því), ætlanir fólks og hvernig félagslegur raunveruleiki verður til. Ég er ekki sammála öllum þeim niðurstöðum sem hann komst að en það hefur reynst mér gagnlegt að lesa það sem hann hefur skrifað og hugsa mig í gegnum rök hans.

Hugsandi vélar?

Searle efaðist um að tölvur gætu orðið meðvitaðar. Þá afstöðu sína byggði hann á því að tölvur keyra á kóða. Þær vinna úr táknum samkvæmt reglum. Þær hafa hins vegar engan skilning á því sem þær eru að gera þó stundum líti út fyrir það. Engin hugsun á sér stað. Þessi lýsing á í sjálfu

sér ágætlega við um þá gervigreind sem flest okkar þekkja núorðið, þó hún keyri ekki á kóða á sama hátt og þau forrit sem Searle hafði í huga: Kóðinn er ekki skrifaður af manneskju heldur lærður af líkindafræðilegu líkani sem gervigreindin notar til að greina mynstur í gríðarlegu magni upplýsinga. Þegar við spyrjum hana

að einhverju er svarið í raun nokkurs konar dæmi um hvernig svar við spurningunni lítur út. Þetta krefst hvorki meðvitundar né hugsunar þó upplifunin sé ekki ósvipuð því að spjalla við aðra manneskju í gegnum skilaboðaforrit.

Kínverskt herbergi

Til að skýra hvað hann var að fara með þessa pælingu lagði Searle til hugartilraun: Hugsum okkur mann sem talar ekki kínversku. Hann situr í lokuðu herbergi. Á herberginu er lúga. Fyrir utan herbergið er fólk sem getur sent spurningar inn um lúguna. Maðurinn á að svara þeim. Spurningarnar og svörin eru skrifuð með kínverskum táknum sem maðurinn í herberginu skilur ekki, en hann er með stóra bók með reglum sem hann flettir í til að finna út hvaða tákn eru rétt viðbragð við þeim táknum sem honum berast. Séð utan frá lítur út fyrir að maðurinn í herberginu skilji kínversku. Hann gerir það ekki. Hann veit hvorki hver spurningin er né hverju hann svarar. Allt sem hann gerir er að fylgja reglum sem voru lagðar upp í hendurnar á honum. Dálítið eins og tölva.




Hann gerir það ekki. Hann veit hvorki hver spurningin er né hverju hann svarar. Allt sem hann gerir er að fylgja reglum sem voru lagðar upp í hendurnar á honum. Dálítið eins og tölva.

Hugsandi manneskjur?

Það hvarflar stundum að mér að það séu meiri líkindi á milli manneskjunnar og tölvunnar en Searle var tilbúinn að fallast á. Ég er ekki að segja að ég haldi að með gervigreind séu tölvurnar orðnar meðvitaðar og byrjaðar að hugsa. Mig grunar frekar að við ofmetum nokkuð okkar eigin meðvitund og hugsun. Ég undanskil ekki sjálfan mig hvað þetta varðar. Þessi hugmynd sækir einkum á mig þegar ég horfi á fólk karpa um pólitísk deilumál, hvort sem það er almenningur á





samfélagsmiðlum eða kjörnir fulltrúar í ljósvakamiðlum. Það er stundum eins og það sé handrit, að maður sé að horfa á leikrit sem maður hefur séð hundrað sinnum áður.

Annar einstaklingurinn opnar með tiltekinni fullröðingu sem er fullkomlega fyrirsjáanleg. Hinn ræðst á þá fullröðingu á jafn fyrirsjáanlegan hátt. Sá fyrri verst fimlega með fyrirsjáanlegri línu og sækir fram með annarri jafn fyrirsjáanlegri. Sá seinni verst alveg jafn fyrirsjáanlega og fimlega og snýr vörn í sókn með annarri línu sem kemur jafn lítið á óvart og allt sem hefur komið fram í samtalinu. Og svo koll af kolli. Stundum þegar maður stendur í slíku karpi nær maður að króa mótherjann af. Þá getur maður pressað. „Hvað meinarðu nákvæmlega þegar þú segir X?“



og þá kemur oftast en ekki í ljós að mótherjinn skilur í raun ekki það sem hann var að segja, heldur var aðeins að fara með línur sem hann hefur lært.

Ég held að kóðinn sem við vinnum eftir líti einhvern veginn svona út: „Ef mótherji minn notar línu A þá nota ég línu D /// ef hann notar línu B þá nota ég línu E /// ef hann notar línu C þá nota ég línu F“ og eitthvað svipað er að gerast í hausnum á mótherjanum.

Ef maður nær að brjótast út úr kóðanum kemur stundum í ljós að enginn veit í raun neitt að ráði um það sem er verið að ræða. Við förum sjaldnast þangað. Leikurinn snýst ekki um það. Það er ekki verið að reyna að komast að kjarna málsins, engin hugsun að eiga sér stað. Leikurinn snýst einungis um að sýna hvar maður stendur.

Það er nóg af dæmum, nýjum og gömlum. Ég ætla ekki að nefna nein. Ég vil ekki persónugera þetta eða tengja þetta við einhverja tiltekna hugmyndafræði, hreyfingu og umræðu. Ég held að þetta sé í raun frekar almennt, nokkuð sem einkennir stóran hluta af mannlegri hugsun.

Ef þetta er rétt hjá mér þá gætum við sparað bæði tíma og ómæld leiðindi ef við stöldruðum við áður en við blönduðum okkur í umræðu og spyrðum sjálf okkur: Skil ég umræðuefnið eða er það sem ég vil segja kannski bara kínverskt tákn sem reglubókin segir að ég eigi að nota núna? ■

Greinin birtist fyrst á substack.com

Höfundur er dósent í efnahagsfélagsfræði við Háskóla Íslands.



Frá kvennaverkfalli 24. október sl.

Ljósmynd/Kvennaár

Land tækifæranna?

Staða innflytjendakvenna í íslensku samfélagi

Eftir Sóllilju Bjarnadóttur, sérfræðingur í rannsóknum, og Kristínu Hebu Gísladóttur, framkvæmdastjóra Vörðu - Rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins.

Í október voru 50 ár liðin frá því að mikill meirihluti kvenna á Íslandi lagði niður launuð og ólaunuð störf til að krefjast þess að framlag þeirra á vinnumarkaði og inni á heimilum yrði metið til jafns við framlag karla. Í tilefni þeirra tímamóta hefur árið verið helgað kvennabaráttu auk þess sem ýmsir aðilar hafa fjallað um stöðu kvenna og efnt til viðburða í tilefni kvennaárs.



Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins hefur undanfarin fimm ár lagt árlega fyrir könnun meðal launafólks í heildarsamtökunum BSRB og ASÍ. Í könnuninni er aflað gagna um stöðu launafólks í víðu samhengi og voru niðurstöður hennar birtar nýlega. Hér verður fjallað um stöðu innflytjendakvenna í samanburði við innfæddar konur og greint frá stöðu þeirra út frá þeim gögnum sem aflað var í könnun Vörðu um stöðu launafólks á Íslandi 2025.

Atvinnupátttaka innflytjendakvenna meiri en innfæddra kvenna

Niðurstöður Vörðu sýna að hærra hlutfall innflytjendakvenna en innfæddra kvenna er í launuðu starfi á vinnumarkaði (81% á móti 74%) og sömuleiðis í fullu starfshlutfalli (77% á móti 60%). Auk meiri atvinnupátttöku meðal

innflytjendakvenna er einnig talsverður munur á starfsvettvangi og starfsgreinum sem þær starfa í, samanborið við innfæddar konur. Mun hærra hlutfall innflytjendakvenna en innfæddra starfar hjá einkareknu fyrirtæki (65% á móti 40%) en innfæddar konur starfa í meiri mæli hjá ríki (27% á móti 15%) og sveitarfélögum (24% á móti 13%).

Mikill munur á atvinnugreinum

Rannsóknir Vörðu og annarra hafa ítrekað sýnt að vinnumarkaðurinn er kynskiptur, þar sem konur eru í mun meiri mæli í ákveðnum störfum en karlar í öðrum. Þrátt fyrir að konur séu bornar saman innan hóps kvenna kemur





Niðurstöður Vörðu sýna að hærra hlutfall innflytjendakvenna en innfæddra kvenna er í launuðu starfi á vinnumarkaði (81% á móti 74%) og sömuleiðis í fullu starfshlutfalli (77% á móti 60%).



10%) og í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda (7% á móti 0,4%). Að sama skapi er mun fátíðara að innflytjendakonur séu í eigin húsnæði (30% á móti 75%).

Verri fjárhagsstaða innflytjendakvenna

Lægri atvinnutekjur, heimilistekjur og gjörólik staða innflytjendakvenna á húsnæðismarkaði endurspeglast í fjárhagsstöðu þeirra. Hærra hlutfall innflytjendakvenna en innfæddra á erfitt með að ná endum saman (44% á móti 29%) og skortir félags- og efnisleg gæði (38% á móti 22%).

40% innflytjendakvenna búa við slæma andlega heilsu

Þegar líkamleg heilsa innflytjendakvenna og innfæddra kvenna er skoðuð sést að nánast enginn munur er á hlutfalli þeirra sem meta líkamlega heilsu sína frekar eða


einnig fram talsvert mikill munur á atvinnugreinum sem innfæddar og innflytjendakonur starfa í. Þannig starfa til að mynda tæplega 15% innflytjendakvenna við ræstingar en sama á einungis við um 1% innfæddra kvenna. Munurinn sést í fleiri atvinnugreinum þar sem mun hærra hlutfall innflytjendakvenna en innfæddra kvenna starfar. Það á m.a. við um ferðapjónustu (11% á móti 6%), veitingahús og mótuneyti (11% á móti 2%), framleiðslu (6% á móti 2%) og fiskvinnslu (5% á móti 1%). Nokkuð stór hluti innflytjendakvenna starfar þó einnig í hefðbundnum kvinnagreinunum; heilbrigðisþjónustu (14% á móti 26%) og í skóla- og fræðslumálum (14% á móti 15%) en í þeim greinum er hlutfall innfæddra kvenna hærra.

Meiri atvinnuþátttaka en lægri atvinnutekjur

Þrátt fyrir að hærra hlutfall innflytjendakvenna en innfæddra kvenna sé í launuðu starfi og í fullu starfshlutfalli eru atvinnutekjur þeirra umtalsvert lægri. Þannig eru ríflega átta af hverjum tíu innflytjendakonum með 749 þúsund krónur eða lægri heildartekjur á mánuði (82%) en sama á við um sex af hverjum tíu meðal innfæddra kvenna (63%). Innflytjendakonur eru auk þess líklegri til að búa á tekjulægri heimilum. Það á við um 76% þeirra samanborið við tæplega helming innfæddra kvenna (46%) þar sem heildartekjur heimilisins eru 999 þúsund krónur eða lægri.

Innflytjendakonur eru í mun meiri mæli á almennum leigumarkaði

Rannsóknir Vörðu hafa ítrekað sýnt að staða innfæddra og innflytjenda á húsnæðismarkaði er gjörólik. Mun hærra hlutfall innflytjendakvenna en innfæddra kvenna er í leiguhúsnæði á almennum leigumarkaði (43% á móti



mjög slæma (18% og 18%). Allt önnur mynd blasir við þegar litið er til andlegrar heilsu þar sem fjórar af hverjum tíu innflytjendakonum búa við slæma andlega heilsu en 29% þeirra innfæddu.

Greiningar Vörðu á stöðu innfæddra og innflytjendakvenna leiða í ljós að skýr munur er á stöðu þeirra og aðstæðum. Rannsóknir Vörðu njóta sérstöðu þar sem þátttaka innflytjenda í könnunum stofnunarinnar er mjög góð en almennt er þátttaka innflytjenda í könnunum minni en innfæddra. Nauðsynlegt er að varpa ljósi á stöðu mismunandi hópa og nota gögn til opinberrar stefnumótunar og aðgerða. Rannsóknir Vörðu hafa ítrekað sýnt að staða innflytjenda er ólík stöðu innfæddra og sú mynd dregst hér upp enn og aftur. ■



Forréttindi að fá að leiða svona félag

Eftir Axel Jón Ellenarson

Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Kári Sigurðsson, formaður Sameykis, segir fyrstu mánuðina í starfi hafa verið lærdómsríka, krefjandi og gefandi. Hann ræðir ábyrgðina sem fylgir formennskunni, mannlegu hliðina á stéttarfélagsstarfinu, réttindi opinberra starfsmanna og þá framtíðarsýn sem hann vill móta fyrir félagið.



Kári tók við formennsku í Sameyki í janúar 2025 og segir fyrstu mánuðina hafa verið mikið ferðalag. „Ég hef oft spurt sjálfan mig þessarar spurningar,“ segir hann og brosir þegar hann er spurður hvernig hafi gengið að komast inn í hlutverkið. „Fyrstu mánuðirnir fóru að miklu leyti í ákveðin verkefni, til dæmis undirbúning aðalfundarins og allt sem því fylgdi. Það var ekki fyrr en í kringum sumarið sem ég fór almennilega að átta mig á hlutverkinu mínu.“

Þó Kári sé nýr í formennskunni er hann ekki ókunnugur starfi félagsins. „Ég þekki innra starf Sameykis nokkuð vel. Ég hef setið í stjórn félagsins, verið varaformaður, trúnaðarmaður og tekið þátt í samninganefndum, en hlutverk formanns er auðvitað stærra. Það snýst ekki um að vinna öll verk sjálfur heldur um að forgangsraða, velja og hafna, og treysta starfsfólkinu í kringum mig. Ég hef fengið mjög góðan stuðning frá stjórninni og er heppinn með starfsfólkið hér. Þau hafa leiðbeint mér, stutt mig og tekið að sér ýmis hlutverk sem hefur hjálpað mér gríðarlega,“ segir hann.



Þegar við tölum um að segja upp fólki, þá verður það að gerast eftir lögbundnum hætti og eftir lögbundnum leiðum um reglur og skyldur opinberra starfsmanna. Það má ekki gerast með einhverjum geðþóttaákvörðunum. Ég hef stundum sagt að það væri eins og ef lögreglan gæti ákveðið hver færi í fangelsi án dóms og laga. Við höfum leikreglur, kjarasamninga og lög til að tryggja réttlæti og það sama á við á vinnumarkaðinn.

Hann viðurkennir að formannsstarfið sé umfangsmikið og krefjandi en um leið gefandi. „Þetta er stórt hlutverk að vera formaður þessa félags og það tekur tíma að ná utan um það í rauninni. Ég læri á það með hverjum nýjum degi en enginn dagur er eins eiginlega, og ég er mjög ánægður með hvernig þetta hefur gengið hingað til, þó ég segi kannski eitthvað allt annað eftir hálf ár,“ segir hann og hlær.

Þarf að halda sig við leikreglurnar

Þegar Kári er inntur eftir því hvað hafi komið honum mest á óvart í starfi formanns hjá Sameyki, hugsar hann sig aðeins um og svarar síðan: „Það sem hefur komið mér mest á óvart er þyngd einstaklingsmála sem koma inn á borð félagsins,“ segir hann. „Þau eru oft afskaplega sorgleg, snerta líf fólks djúpt og sýna okkur hversu mikilvægt starf stéttarfélögin sinna. Það kom mér á óvart hversu fjölbreytt þessi mál eru og hversu úrræðagott starfsfólkið þarf að vera til að sinna þessum viðkvæmu málum vel. Starfsfólk Sameykis þarf þess vegna

að hafa bæði faglegan og andlegan styrk til að taka á móti félagsfólki sem kemur til okkar í erfiðri stöðu og það er raunin hjá okkur,“ lýsir hann.

Kári segir að erfiðasti hluti starfsins sé að finna jafnvægið milli væntinga og þess sem raunhæft er að gera. „Það er alltaf erfitt að brúa bilið á milli þess sem fólk vonast eftir að Sameyki geti gert fyrir sig, og þess sem við getum raunverulega gert. Við vinnum innan ákveðinna leikreglna og kjarasamninga, og það eru mörk sem við getum ekki farið út fyrir. Við reynum þó að nýta alla möguleika innan þeirra marka til að hjálpa okkar félagsfólki.“

Kári talar opinskátt um það sem hann kallar mannlega þátt starfsins. „Stundum langar mann að stíga dýpra inn í mál, að gera meira fyrir fólk, en maður þarf líka að halda sig við leikreglurnar. Það er þó hægt að hafa áhrif eins og með því að ræða mál á opinberum vettvangi, vekja athygli og þrýsta á breytingar.“ Hann segir að í sumum tilvikum leiti Sameyki til BSRB eða annarra stéttarfélaga eftir álit og stuðningi. „Það er styrkur í samstöðunni innan BSRB. Við erum mörg stéttarfélög í einu bandalagi og það er mikilvægt að geta leitað ráða og stuðnings hvert hjá öðru. BSRB er góð fjölskylda og eins og í öllum fjölskyldum eru ólíkar skoðanir og það bara er hollt og heldur okkur á tánum.“

Árásir ríkisstjórnarinnar og hagsmunasamtaka á opinbera starfsmenn

Þegar talið berst að stöðu opinberra starfsmanna lýsir Kári áhyggjum af hvernig umræðan um áminningarskylduna hefur þróast í samfélaginu. „Það er þungt að sjá að eitt af forgangsverkefnum stjórnvalda virðist vera að draga úr réttindum opinberra starfsmanna í nafni sparnaðar,“ segir hann. „Þessi umræða kemur mikið frá samtökum á almennum vinnumarkaði sem hafa talað fyrir því að jafna réttindi niður á við – en við í Sameyki ætlum ekki að samþykkja það.“ Hann útskýrir að áminningarskyldan sé ekki hindrun heldur réttarbót. „Hún tryggir réttláta málsmeðferð. Það er algjör misskilningur að áminningarskyldan sé vandamálið. Vandinn liggur í því að stjórnendur séu ekki alltaf nægilega þjálfaðir í að fylgja verkferlum. Lausnin er ekki að veikja réttindi launafólks, heldur að efla stjórnendur.“

Kári bætir við að virðing fyrir leikreglum sé grundvallaratriði. „Þegar við tölum um að segja upp fólki, þá verður það að gerast eftir lögbundnum hætti og eftir lögbundnum leiðum um reglur og skyldur opinberra starfsmanna. Það má ekki gerast með einhverjum geðþóttaákvörðunum. Ég hef stundum sagt að það væri eins og ef lögreglan gæti ákveðið hver færi í fangelsi án dóms og laga. Við höfum leikreglur, kjarasamninga og lög til að tryggja réttlæti og það sama á við um vinnumarkaðinn.“

Afregluvæðing og ábyrgð ríkisins

Kári hefur áhyggjur af því sem hann kallar afregluvæðingu samfélagsins. „Það er greinileg stefna síðustu ára að draga úr hlutverki hins opinbera og færa verkefni til einkaaðila, en samfélag án leikreglna og ábyrgðar verður ósanngjarnt og brothætt.“ Hann segir að lausnin sé ekki að brjóta niður reglur, heldur að efla mannauð og traust. „Það hefur verið vinsælt að tala um afnám áminningarskyldunnar sem lausn á



mannauðsvanda ríkisins, en raunveruleg lausn felst í að fjárfesta í fólki. Við þurfum að gera stjórnendur sterkari, veita þeim þjálfun og verkfæri til að leiða vel. Það er þar sem fjármunirnir eiga að fara. Það er dýrt að missa gott starfsfólk og enn dýrara að endurnýja stöður.“

Hann bendir á að stundum virðist markmiðið með skipulagsbreytingum ekki vera umbætur, heldur að losna við fólk eins og hilluvöru komna yfir síðasta söludag í stór „Við sjáum dæmi þar sem breytingar eru gerðar til að ýta fólki út, jafnvel því sem hefur haft hugrekki til að gagnrýna stjórnendur og yfirmenn á vinnustöðum. Þá eru nýleg dæmi um að fólk sem á stutt í að fara á eftirlaun sé rekið fyrirvaralaust úr starfi án

úrbótum á ýmsum sviðum velferðarkerfisins. „Fólk vill frekar sjá fleiri úrræði og meiri umhyggju á sama tíma og ríkir gríðarlegt úrræðaleyzi, sérstaklega í málefnum ungs fólks sem ég þekki svo vel úr fyrra starfi mínu. Við þurfum að fjárfesta í aukinni þjónustu og í starfsfólki. Spurningin er einföld: Viljum við hagnað í krónum eða í velferð fólks? Ef forgangurinn er að skila hagnaði á Excel-skjali, þá gleymist að hagnaður samfélagsins mælist líka í lífsgæðum og réttlæti. Ég held að flestir séu sammála því.“

Einkavæðing grunnþjónustunnar varasöm

Að mati Kára hefur einkageirinn fengið of stórt hlutverk í opinberri þjónustu. „Ríkið og sveitarfélögin bera ábyrgð



„Við verðum að spyrja okkur hver tryggir gæði þjónustunnar sem veitt er og um leið er ekki nóg að kaupa þjónustu, það þarf að fylgjast með henni af opinberum eftirlitsaðilum. Ég ætla ekki að segja að einkageirinn sé alvondur – alls ekki – en þegar þjónusta er veitt af einkaaðila fyrir opinbert fé ber ríkið samt ábyrgðina og þarf að veita slíkum rekstri opinbert aðhald.“

áminningar. Það gera ekki góðir stjórnendur, þeir tala við fólkið sitt, stilla saman væntingar og fylgja þeim eftir. Þannig skapast traust milli starfsfólks og stjórnenda á vinnustaðnum.“

Skortur á starfsfólki í velferðarþjónustu

Kári hafnar alfarið hugmyndinni um að það sé of margt starfsfólk í opinberum störfum eins Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð hafa verið í herferð gegn um langt skeið. „Þegar talað er um fjölgun opinberra starfsmanna sér fólk fyrir sér fleiri skrifborð og fleiri yfirmenn á góðum launum – en raunveruleikinn er sá að það vantar fólk í heilbrigðisþjónustuna, í menntakerfið og í félagslega þjónustu. Þetta eru opinberir starfsmenn sem halda uppi innviðum samfélagsins.“ Hann segir að ákall almennings sé ekki eftir niðurskurði heldur eftir

gagnvart þegnum sínum og í þeim efnum er velferðarþjónusta bara alls ekki markaðsvara, hún á að byggjast á jöfnuði og trausti sem allir landsmenn eiga að geta notið án tillits til stöðu og efnahags en því miður hefur þróunin orðið önnur eins og við vitum. Við sjáum að verið er að markaðsvæða mannauðinn sem tækifæri einkaaðila að græða peninga á ýmsum störfum í heilbrigðisþjónustunni.“

Kári segir að útvistun geti verið réttlætanleg í sumum tilvikum, en ábyrgðin verði alltaf að liggja hjá hinu opinbera. „Við verðum að spyrja okkur hver tryggir gæði þjónustunnar sem veitt er og um leið er ekki nóg að kaupa þjónustu, það þarf að fylgjast með henni af opinberum eftirlitsaðilum. Ég ætla ekki að segja að einkageirinn sé alvondur – alls ekki – en þegar þjónusta er

veitt af einkaaðila fyrir opinbert fé ber ríkið samt ábyrgðina og þarf að veita slíkum rekstri opinbert aðhald. Það er allt í lagi að hagræða, en ekki á kostnað starfsfólks á undirmönnuðum vinnustöðum í grunnþjónustunni. Við megum ekki hagræða í burtu grunnþjónustunni. Það verður að tryggja að hún sé góð, réttlát og aðgengileg fyrir alla sem þurfa að njóta hennar.“

Framtíðarsýn Sameykis

Þegar talið berst að framtíð félagsins segir Kári að Sameyki eigi að vera leiðandi afl í baráttunni fyrir réttlæti og jöfnuði. „Það er okkar hlutverk.“ Hann segir að stærsta áskorunin sé að minna fólk á af hverju stéttarfélög eru til. „Við megum ekki

“

Við verðum að spyrja okkur hver tryggir gæði þjónustunnar sem veitt er og um leið er ekki nóg að kaupa þjónustu, það þarf að fylgjast með henni af opinberum eftirlitsaðilum. Ég ætla ekki að segja að einkageirinn sé alvondur – alls ekki – en þegar þjónusta er veitt af einkaaðila fyrir opinbert fé ber ríkið samt ábyrgðina og þarf að veita slíkum rekstri opinbert aðhald.

gleyma jafnvæginu milli launafólks og vinnuveitenda. Þegar við gleymum því, veikjum við samfélagið sjálft því stéttarfélögin í landinu eru burðarstöðir mannréttindabaráttunnar og réttláts samfélags.“

Þá segir Kári að máli skipti að rödd Sameykis heyrir. „Við þurfum að vera sýnileg, bæði út á við og inn á við. Þó að við séum ekki alltaf sammála um allt, þá styrkir það okkur. Umræða um ólík sjónarmið á mál er bara af hinu góða. BSRB hefur verið sterkur málsvari fyrir okkur, og við tökum virkan þátt í þeirri samstöðu. Við eigum frábært starfsfólk sem vinnur af trúnaði og samheldni. Það gerir okkur kleift að standa sterk út á við og það er þessi sameiginlegi styrkur sem heldur félaginu lifandi.“

Jólahald formannsins

Þegar samtalið færir yfir í jólahald og persónulegri spurningar, léttir yfir Kára. „Ég er ekkert mjög vanafastur þegar kemur að jólinum,“ segir hann og brosir. „Ég held þau með konunni minni, syni okkar og oft er móðir mín með okkur líka á

aðfangadagskvöld og því erum við venjulega fjögur saman. Ég elska að stússast í eldhúsinu og það er mín hugleiðsla. Ég byrja snemma á Þorláksmessu að undirbúa matinn og nýt þess mjög. Ég er kjötæta, en konan mín ekki – þannig að það er alltaf tvírættað hjá okkur. Mér finnst það frábært.“

Kári segist þó eiga sér eina sérstaka hefð. „Ég byrja jólin á að fá mér ristað brauð með graflaxi á aðfangadag. Það er mín hefð,



„Við megum ekki hagræða í burtu grunnþjónustunni. Það verður að tryggja að hún sé góð, réttlát og aðgengileg fyrir alla sem þurfa að njóta hennar.“

og líklega enginn annar í fjölskyldunni sem gerir það,“ segir hann og hlær. Spurður hvort Sameyisfáninn hangi á jólatrénu, hlær hann aftur. „Ekki enn, en kannski verður hann jólastjarnan í ár.“

Að lokum segir Kári að það fylgi bæði ábyrgð og ánægja að leiða Sameyki. „Það eru forréttindi að fá að leiða svona félag,“ segir hann ákveðinn. „Því fylgir ábyrgð, en líka mikið stolt. Það er ekkert betra en að vita að maður getur haft áhrif, staðið með fólki og unnið fyrir réttlæti.“ Hann segir að Sameyki standi fyrir samstöðu og trú á betra samfélag. „Við vinnum saman, við hlustum og við reynum að bæta samfélagið. Það ætlum við halda áfram að gera.“ ■



DAGBÓKIN 2026

Félagsfólk sem hefur áhuga á að eignast dagbókina fyrir árið 2026 í stærðinni A6 geta pantað hana á vef Sameykis og verður hún send til viðkomandi. Hægt er að panta fleiri en eina dagbók, t.d. fyrir hóp á vinnustaðnum.

Einnig er hægt að nálgast dagbókina á skrifstofu félagsins. Opnunartímar skrifstofu er frá kl. 9:00-15:00 mánudaga til fimmtudaga og föstudaga frá kl. 9:00-13:00.



SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNARJÓNUSTU



Verkfallsrétturinn

– heilagur réttur launafólks nema hjá sumum

Eftir Egil Kristján Björnsson

Ég segi að verkfallsrétturinn er heilagur réttur launafólks og það eiga allir að hafa þann rétt í neyðartilfellum til að ná samningsaðilum að kjaraborðinu til samtals. Það eru stéttir sem hafa þennan rétt, eins og læknar og hjúkrunarfræðingar, einnig flugumferðarstjórar. Áhrifin þegar þessar stéttir fara í verkfall eru gífurleg. Það er alltaf hægt að útfæra verkföll til að tryggja lágmarksöryggi í samfélaginu, eins og í tilvikum sjúkrahúsa og flugumferðar. Þegar þessar stéttir fara í verkfall er lítið á það alvarlegum augum. Þá er sest við samningaborðið og til þess er leikurinn gerður – að ná samningsaðilum saman til að ræða kröfurnar og finna sameiginlega lausn.

Á vef ASÍ segir: „Eitt helsta einkenni verkfalls er að venjuleg störf þeirra sem eru í verkfalli leggjast niður að einhverju eða öllu leyti. Orðið verkfall er gagnsætt að þessu leyti. Verkin falla niður. Verkfall getur verið hvers konar rof á þeirri vinnu sem launafólki er skylt samkvæmt ráðningarsamningi og kjarasamningi að inna af hendi, enda sé aðgerðin framkvæmd með aðild stéttarfélags og uppfylli formskilyrði laga nr. 80/1938.“¹

Það hafa þó ekki allar stéttir þennan rétt, fangaverðir mega til dæmis hvorki fara í verkfall né taka þátt í verkfallsboðun, skv. 8. gr. laga um fullnustu refsinga² og lög nr. 94/1986 um kjaramál opinberra starfsmanna.³

Almennt er talið að fangaverðir séu ríkinu svo nauðsynlegir að þeir geti alls ekki farið í verkfall, því þá myndi öryggi ríkisins verða stofnað í hættu. Gott og vel – ef það væri þá einhver önnur leið til að bæta kjörin eins og með kjararáði eða gerðardómi. Einnig væri hægt að færa rök fyrir því að ef fangaverðir væru svo stór hluti af öryggi ríkisins þá ætti að borga þeim mannsæmandi laun.

Fangelsismálastofnun hefur ekki umboð

Ég er starfandi fangavörður og hef verið það í 16 ár. Þegar ég hóf störf sem fangavörður var ég svo sem ekkert að spá í þetta. Seinna hef ég meira verið að hugsa þessi mál þar sem ég hef verið að skipta mér af kjaramálum fangavarda og sit í stjórn Sameykis. Við erum með stofnanasamning við Fangelsismálastofnun en stofnanasamningur er hluti af kjarasamningi og er meðal annars ætlað að stuðla að skilvirkara launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum stofnunar og starfsmanna hennar. Að jafnaði skal stofnanasamningur endurskoðaður á tveggja ára fresti, en sá stofnanasamningur sem við sem störfum við fangavörslu vinnum eftir er síðan 2017.

Drögum að nýjum samningi var hafnað af Fangelsis-

málastofnun með þeim rökum að ekki væru til peningar og ekki fengjust peningar í nýjan stofnanasamning. Með öðrum orðum að stofnunin hefði ekkert samningsumboð, sem gerir málið nokkuð snúið gagnvart okkur því við höfum ekki umboð til að sækja kjarabætur hjá stjórnvöldum, við erum ekki með það vald og þau úrræði sem þarf til að sækja kjarabætur eins og annað launafólk. Ef svo væri þá værum við í góðum málum og þyrftum ekki á stofnuninni að halda til að sækja kjarabætur.

“

Þessi lög er ólög, það er ekkert réttlæti í þeim og hæfir ekki íslenski þjóð að hafa slík lög sem varna því að launafólk geti sótt sér kjarabætur. Það sæmir ekki réttlætiskennnd okkar að geta ekki sótt kjarabætur eins og annað launafólk. Að hafa slík ólög í nútímanum misbýður okkur sem störfum við fangavörslu, því það fylgir enginn réttur nema á annan veginn, gegn okkur fangavörðum, og slíkt fyrirkomulag er ósanngjarnt og hreinlega galið á allan hátt.

Þurfum að sækja kjararéttindi okkar til baka á ný

Staðan er því komin í algjöran hnút, við getum ekki farið í verkfall eða gert eitthvað til að búa til pressu á stjórnvöld né Fangelsismálastofnun og þetta virðist vera órjúfanlegur veggur að eiga við – og engar afleiðingar eru fyrir stofnunina ef hún neitar samningsgerð. Niðurstaðan er því að þeir sem samþykktu að afsala sér verkfallsrétti voru að taka ákvörðun sem snertir okkur alla tíð. Það ætti að vera frumskilyrði hjá launafólki að afsala sér aldrei neinum rétti. Ef við samþykkjum að afsala okkur einhverjum kjara- og starfsréttindum, þá er það ekki verkalýðsbarátta og þá ætti verkalýðsforystan að hugsa sinn gang. Við þurfum að breyta þessu og sækja þennan rétt aftur, það þarf að breyta lögum til þess og hvað með það!

Ríkið mismunar launafólki eftir starfsstéttum

Þessi lög er ólög, það er ekkert réttlæti í þeim og hæfir ekki íslenski þjóð að hafa slík lög sem varna því að launafólk geti sótt sér kjarabætur. Það sæmir ekki réttlætiskennd okkar að geta ekki sótt kjarabætur eins og annað launafólk. Að hafa slík ólög í nútímanum misbýður okkur sem störfum við fangavörslu, því það fylgir enginn réttur nema á annan veginn, gegn okkur fangavörðum, og slíkt fyrirkomulag er ósanngjarnt og hreinlega galið á allan hátt.

Í Belgíu hafa fangaverðir verkfallsrétt og þeir fara í verkfall stöku sinnum. Þegar það gerist þá eru allir fangar læstir inni og lögreglan er látin sjá um rest. Þar í landi þykir ekki nema ólilegt að það fólk sem starfar við fangavörslu hafi sömu

réttindi og annað launafólk. Ríkið hefur notfært sér þessa stöðu og mismunað þeim stéttum sem ekki hafa verkfallsrétt, reynslan talar sínu máli og það virkar engan veginn ef ekki er hægt að grípa í svo veigamiklð vopn og verkfall til að knýja fram launakjör. Ríkið er því með öll tromp í hendi sér. ■

Höfundur starfar sem fangavörður og situr í stjórn Sameykis.

Heimildir:

1. Alþýðusamband Íslands. (e.d.). Hvað er verkfall? <https://asi.is/vinnurettarvefur/vinnurettur/stettarfelag-og-vinnudeilur/vinnustodvanir/verkfoll/hvad-er-verkfall/>
2. Lög um fullnustu refsinga nr. 15/2016. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2016015.html>
3. Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1986094.html>

Brot á jafnræðisreglunni

Eftir Þórð Kristófer Ingibjargarson

Í þessum pistli vil ég rekja aðdragandann að því að ég fékk háskólagráðuna mína metna við störf sundlaugarvarðar. Ég hef unnið í hluta- og sumarstörfum í sundlaug ásamt að vera félagsmaður í Sameyki frá árinu 2018 en sumarið 2024 lauk ég BA-gráðu í heimspeki við Háskóla Íslands.



Ég hafði alltaf verið með þá flugu í hausnum að ég gæti fengið launahækkun ef ég lyki háskólaprófi, en einnig stúdentsprófi, og um leið og útskriftarplaggið var komið þá sendi ég það á minn forstöðumann. Plaggið var síðan áframsent á launadeild Reykjavíkurborgar og svarið frá þeim var skýrt: „BA í heimspeki myndi ekki teljast á fagsviði sundlaugarvarðar. Ef [Þórður] hefði menntað sig í íþróttaræðum þá væri t.d. sú menntun á fagsviði.“ Ég var því búinn að fá kjaftshögg. Ég hugsaði að gráðan mín væri nú kannski ekki upp á marga fiska og mögulega var þessi launahækkun hvort eð er ekki þess virði. En við þá gremju sá ég maðkinn í mysunni – hvers vegna var öðrum verðlaunað fyrir háskólagráðu sem nýttist við störf sundlaugarvarðar á meðan hinum væri sagt að hún nýttist ekki í starfi?

Röksemdirnar fyrir heimspekingnum voru því ófullnægjandi og ég var knúinn til þess að ráðast á rót vandans – jafnræðið – og berjast fyrir sjálfsvirðingu minni sem einstaklingi ásamt nytsemi heimspekinnar innan samfélagsins almennt.

Ég bý svo heppilega að því að eiga eldsprækan trúnaðarmann til taks á vinnustaðnum mínum og því upplýsti ég hann um málið og hann hvatti mig enn frekar að takast á við úrskurð kerfisins. Trúnaðarmaðurinn minn benti mér á ýmsar leiðir en sú fyrsta var að fara með málið í gegnum Sameyki og þaðan að launadeildinni en sú vinna tók ansi langan tíma og skilaði afar litlum árangri sem var miður. Ég fór því að öðrum ráðum trúnaðarmannsins en það var að reyna á sjálfa jafnræðisregluna

í gegnum mannauðsteymi MÍR, sem sundlaugar Reykjavíkur heyra undir, en þar fór boltinn loks að rúlla. Við það hófust tölvupóstasamskipti, ásamt nokkrum löngum símtölum, sem loks leiddu málið á þá leið að þau voru sammála mér að brotið



Ég var því búinn að fá kjaftshögg. Ég hugsaði að gráðan mín væri nú kannski ekki upp á marga fiska og mögulega var þessi launahækkun hvort eð er ekki þess virði. En við þá gremju sá ég maðkinn í mysunni – hvers vegna var öðrum verðlaunað fyrir háskólagráðu sem nýttist við störf sundlaugarvarðar á meðan hinum væri sagt að hún nýttist ekki í starfi?

hefði verið á jafnræðisreglunni og næstum sléttum 6 mánuðum frá því að ég hóf baráttuna þá fékk ég það svar að ég hefði unnið þennan slag. Ég fékk launahækkun og launaleiðréttingu 6 mánuði aftur í tímann ásamt að fólk með alls kyns háskólagráður fékk einnig launahækkun. Ég vil því hvetja félagsmenn, og aðra lesendur, til þess að standa með sjálfum sér og réttindum sínum og rísa upp andspænis breyskum sleggjúdómum kerfisins. ■

Höfundur er félagi í Sameyki.



Brúnaðar kartöflur


Eftir Harald Jónasson

Flestar hátíðarvenjur okkar hér á Íslandi má að einhverju leyti rekja til gamla föðurlandsins. Það sem var nógu gott fyrir danska kónginn var nógu gott fyrir okkur Frónbúa. Af þessum hátíðarsíðum sat sykurbrúnaða kartaflan lengi á toppnum. Nú virðumst við sem þjóð þó hafa sofnað á verðinum, því enginn undir sextugu kann að brúna kartöflu og flest ungmenni fúlga við slíkra ofgnótt kolvetna. Þessari þróun þarf að snúa við og enginn tími til þess betri en sjálf jólin.

Potturinn

Sjóða kartöflur í léttisöltuðu vatni. Byrja með kalt vatn í potti og ná suðunni upp með kartöflunum. Það er leiðinlegt að skræla heitar kartöflur og því um að gera að taka flusíð af fyrir fram með afhýðara. Litlar kartöflur fara í heilu lagi í pottinn, miðlungsstórar er gott að helminga. Þær allra stærstu þarf að skera í mátulega, jafna bita. Allt svo hlutfall karamellu og kartöflu sé sem best. Kartöflurnar eru tilbúnar þegar hnífsoddur fer auðveldlega inn í miðja kartöflu.

Fullsoðnar fara þær rakleiðis í sigti. Gott að nota pastasigti. Þar gufar umframvökvi af yfirborðinu sem hjálpar sykrinum að festast. Næsta skref er leynitrix til að karamellan festist



Brúnaðar kartöflur

1000 gr soðnar kartöflur
125 gr stráskykur
40 gr smjör
1 tsk saltflögur

enn betur við kartöflurnar. Þegar þær eru enn heitar í sigtinu en ekki rennblautar er gott að velta þeim aðeins um. Það ýfir yfirborðið og eykur enn líkurnar á að karamellan verði föst. Láta kartöflurnar kólna alveg eða allt að því. Hægt að undirbúa fyrirfram.

Forsoðnar kartöflur eru erfiðari í brúningu en ferskar því í þeim er svo mikill vökvi, en ef þær eru það eina í boði þarf að láta leka af þeim vökvann og hita örlítið – til dæmis í örbylgjuofni.

Sigta svo til eins og fersku kartöflurnar. Það ætti að duga til að karamellan renni ekki öll af.

Pannan

Stráskykur fer á kalda pönnu. Dreifa úr honum og passa að fara ekki mikið út fyrir helluna sem á að nota. Pannig bráðnar hann jafnt, sérstaklega ef pannan er ekki mjög þykk. Hita pönnuna upp í rúmlega miðlungshita. Þegar sykurinn byrjar að bráðna er gott að lækka niður í miðlungshita. Ekki hræra í sykrinum,

bara bíða. Smjörið fer út í þegar sykurinn er orðinn rauðbrúnn og gljáandi. Ef hann er svarbrúnn þá erum við í vandræðum og þurfum að byrja upp á nýtt. Mögulega kaupa nýja pönnu og afturkalla slökkviliðið.

Þegar smjörið er komið út í má hræra varlega. Næst fara kartöflurnar út í blönduna. Ekki hræra þeim saman við með offorsi. Láta þær liggja í smá stund til að ná upp hita. Þá er hægt að hræra varlega. Velta kartöflunum um á pönnunni í nokkrar mínútur eða þangað til karamellan er föst á og kartöflurnar eru aftur orðnar heitar í gegn. Salta örlítið með góðu salti og bera fram. Ef það myndast sykurklumpar þegar hrært er í kartöflunum þarf að sýna smá þolinmæði. Þeir bráðna í rólegheitunum. Ef karamellan verður of þurr er hægt að setja nokkra dropa af vatni saman við eða jafnvel örlitinn rjóma – það eru jú einu sinni jólin. ■

Fleiri ljúffengar og skemmtilegar mataruppskriftir Hara má finna á vef Sameyis, sameyki.is/frettir/matargatid

“

Forsoðnar kartöflur eru erfiðari í brúningu en ferskar því í þeim er svo mikill vökvi. En ef þær er það eina sem er í boði þarf að láta leka af þeim vökvann og hita örlítið. Til dæmis í örbylgjuofni. Sigta svo til eins og fersku kartöflurnar. Það ætti að duga til að karamellan renni ekki öll af.





Fagdeild starfsfólks frítímans stofnuð

Kraftmikill fundur var haldinn á Grettisgötu 89 4. nóvember sl. þar sem rúmlega 60 manna hópur var mættur í Félagamiðstöðina í BSRB-húsinu til þess að stofna fagdeild innan Sameykis fyrir þann hóp félagsfólks sem vinnur með fólki í frítíma. Kári Sigurðsson, formaður Sameykis, stýrði fundinum þar sem fjallað var um tilgang og hlutverk slíkrar fagdeildar. Þá voru drög að starfsreglum sem undirbúningshópur hafði unnið kynntar.

Rætt var um nafngift á deildina en að lokum var stjórn falið að leita eftir hugmyndum um nafngift og kynna það síðar félögum í fagdeildinni. Á fundinum var kosið í stjórn en áður var formannskosning og var Svava Gunnarsdóttir kosin í það embætti. Þá var auglýst eftir framboðum til sex stjórnarsæta á fundinum og voru jafn mörg sem buðu sig fram. Atli Steinn Árnason, Erla Bára Ragnarsdóttir, Hafrún Ósk Santeliz Hafsteinsdóttir, Hjörleifur Steinn Þórisson, Sigrún Ósk Arnardóttir og Valgeir Þór Jakobsson.

Varamenn í stjórn eru Brynja Helgadóttir, Ragnheiður Erna Kjartansdóttir og Yrsa Ósk Finnbogadóttir. ■



Ný stjórn fagdeildar félagsfólks sem vinnur með fólki í frítíma. Ljósmynd/Jakobína Þórðardóttir

Jólaball Sameykis

Jólaball Sameykis verður haldið á aðventunni eins og fyrri ár fyrir félagsfólk í Sameyki og fjölskyldur þeirra. Líkt og áður verður jólaballið haldið í Gullhömrum í Grafarholti sunnudaginn 14. desember kl. 15:00.

Jólasveinar gera sig heimakomna eins og þeim er einum lagið og munu skemmta sér með börnum og fullorðnum. Dansað verður í kringum jólatré og sungnir jólasöngvar. Veitingar og glaðningur verður í boði eins og tilheyrir. Verð fyrir hvern miða er kr. 1.000 og hægt er að kaupa allt að 10 miða á skemmtunina.

Síðasti dagur til að kaupa miða er fimmtudagurinn 11. desember. Hægt er að kaupa miða á jólaballið á Orlofshúsavef Sameykis. ■



Formannaráð BSRB fundaði á Varmalandi. Ljósmynd/BSRB

Formannaráð BSRB

Formannaráð BSRB kom saman á Varmalandi í Borgarfirði 29.-30. september. Á fundinum var fjallað um helstu hagsmunamál bandalagsins, meðal annars fyrirhugað afnám ríkisstjórnar Kristrúnar Frostadóttur á áminningarskyldunni hjá opinberu starfsfólki, sem muni veikja lögbundin réttindi opinberra starfsmanna og skapa óöryggi á vinnumarkaði.

Hrannar Már Gunnarsson, lögfræðingur BSRB, var með erindi um áminningarskylduna og lagði áherslu á mikilvægi þess að BSRB stígi fast til jarðar, standi vörð um réttindi launafólks og bregðist við neikvæðri orðræðu um opinbert starfsfólk sem verið hefur áberandi í fjölmiðlum undanfarið.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur BSRB, hélt erindi þar sem hún fór yfir stöðu efnahagsmála í byrjun vetrar. Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri Vörðu, kynnti nýjar niðurstöður könnunar um stöðu launafólks.

Þá samþykkti formannaráðið ályktun þar sem lýst er eindregnum stuðningi við hinsegin réttindi og áréttað mikilvægi mannréttinda. ■

MÍNAR SÍÐUR SAMEYKIS



Mínar umsóknir

Hér má finna umsóknir um styrki sem félagsfólk hefur sent inn, hvort sem þær eru í vinnslu eða afgreiddar. Nálgast má þau fylgiskjöl sem hanga á umsókninni og bæta við fylgiskjöllum og senda skilaboð til nánari útskýringar með því að smella á punktana þrjá undir skoða.



Samskiptaskilaboð

Hér er hægt að senda fyrirspurnir til skrifstofu um kjara- og réttindamál, orlofshús og auðvitað allar almennar fyrirspurnir. Starfsfólk Sameykis svarar síðan fyrirspurnum og félagsfólk fær tölvupóst um að ný skilaboð bíði inni á Mínun síðum. Þarna er því hægt að halda utan um skilaboðin á einum stað.

Umsókn um styrki

Hér er hægt að senda um umsóknir um heilsu- og forvarnarstyrki, sjúkradagpeninga og fræðslustyrki. Til að hægt sé að afgreiða umsóknina er nauðsynlegt að hengja fylgigögn á umsókn í umsóknarferlinu, eins og t.d. greiðslukvittanir, reikninga, launaseðla, vottorð og fræðsludagskrá.



Mínar síður

Markmið með Mínun síðum er m.a. að félagsfólk geti sent inn umsóknir um styrki og fyrirspurnir þegar þeim hentar þar sem öryggi persónuupplýsinga þeirra er tryggt. Einnig að gefa félagsfólki yfirsýn yfir stöðu sína hjá Sameyki.



Skemmtileg vinnustaðaheimsókn Sameykis til Vesturmiðstöðvar

Starfsfólk Sameykis heimsótti Vesturmiðstöð og Frístundamiðstöðina Tjörnina í vesturbæ Reykjavíkur sem snýr að frístund barna og ungmenna í lok októbermánaðar. Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar og yfirmaður alls frístundastarfs í borgarhlutanum tók vel á móti hópnum ásamt Styrimi Erlingssyni og fræddi



Formaður Sameykis, Kári Sigurðsson, t.h., ásamt hluta starfsfólks Vesturmiðstöðvar og Sameykis. Ljósmynd/Kristín Erna

um starfsemina, en heimsóttir voru eftirtaldir vinnustaðir: Leikskólinn Tjörn, Háteigsskóli, Félagsmiðstöðin 105 og frístundamiðstöðin Halastjarnan.

Þessi hluti starfseminnar hjá Vesturmiðstöð tilheyrir skóla- og frístundaþjónustu sem hefur yfirstjórn yfir leik- og grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum í hverfinu, auk þess að veita stjórnendum og starfsfólki starfsstaðanna almenna ráðgjöf. Þá er Vesturmiðstöð ein fjögurra miðstöðva í Reykjavík, þar sem íbúar Reykjavíkurborgar geta nálgast fjölbreytta þjónustu, upplýsingar og ráðgjöf. Þar er meðal annars veittur stuðningur við börn, ungmenni, fjölskyldur, aldraða og fatlaða. Lögð er mikil áhersla á faglegt starf og farsælt samstarf við íbúa, félagasamtök og stofnanir þeirra hverfa sem tilheyra hverri miðstöð.

Formaður Sameykis, Kári Sigurðsson, sagði af þessu tilefni að heimsóknirnar hefðu verið mjög fróðlegar og gefandi. „Við hjá Sameyki nutum þess mjög að hitta starfsfólk og kynna okkur starfsemi Vesturmiðstöðvar og var okkur einstaklega vel tekið. Það var virkilega ánægjulegt að hitta starfsfólkið á vettvangi og sjá það góða starf sem þar fer fram.“ ■

Ný alþjóðleg skýrsla afhjúpar ofbeldisfaraldur í umönnunarstörfum

Ný alþjóðleg skýrsla UNI Global Union (alþjóðleg samtök stéttarféлага með yfir 20 milljónir félagsmanna í meira en 150 löndum sem starfa m.a. við opinbera þjónustu- og umönnun), sem kynnt var í október

2025, dregur upp dökka mynd af stöðu starfsfólks í umönnunarstörfum og afhjúpar alvarlegan faraldur ofbeldis og áreitni á vinnustöðum. Samkvæmt skýrslunni hafa yfir átta af hverjum tíu starfsmönnum í 80 löndum orðið vitni að eða orðið sjálfir fyrir einhvers konar ofbeldi, hvort sem er af hálfu sjúklinga,

aðstandenda eða samstarfsfólks. Um er að ræða bæði líkamlegt og andlegt ofbeldi sem hefur alvarleg áhrif á starfsfólk og þjónustu við viðkvæma hópa.

Í skýrslunni kemur fram að helstu orsakir þessa ástands

séu langvarandi mannekla, aukið vinnuálag, vanmat á umönnunarstörfum og kerfisbundin vanfjármögnun heilbrigðis- og félagsþjónustu. Starfsfólk í þessum greinum er oft undir

stöðugri pressu og sinnir störfum sem krefjast mikillar ábyrgðar án þess að fá nægilega vernd eða virðingu fyrir sínu starfi. Sameyki hefur tekið undir niðurstöður skýrslunnar og kallað eftir tafarlausum aðgerðum stjórnvalda til að tryggja öryggi og mannúðlega meðferð á vinnustöðum í umönnun.

Í tengslum við kvennaár

2025 minnir skýrslan á að meirihluti starfsfólks í þessum greinum eru konur – og að vernd þeirra, réttindi og virðing eru forsenda velferðarsamfélagsins. Ofbeldi í umönnunarstörfum er ekki einkamál þeirra sem fyrir því verða – heldur samfélagslegt ábyrgðarmál. ■



Líflegur félagsfundur haldinn á Akureyri

Stjórn Sameykis fundaði með félagsfólki á Akureyri síðla októbermánaðar og var ferðin norður til höfuðstaðarins auk þess nýtt til að heimsækja Kjöl stéttarfélag þar sem rekstrarstjóri Kjarar, Anna Guðný Guðmundsdóttir, tók á móti hópnum og fræddi gesti um starfsemi félagsins. Þá nýtti stjórnin tækifærið og skoðaði nýjar orlofsíbúðir við Austurbrú 12 í hjarta Akureyrar, sem félagið opnaði til útleigu fyrir félagsfólk í maí á þessu ári.

Að loknum félagsfundi kom stjórn Sameykis saman til stjórnarfundar áður en haldið var til baka til Reykjavíkur. Félagsfundurinn var haldinn í hádeginu á Hótel KEA og boðið var upp á súpu og kaffi. Formaður Sameykis, Kári Sigurðsson, bauð félagsmenn velkomna og lagði þunga áherslu á í orðum sínum hve mikilvægt væri að hafa öfluga trúnaðarmenn á Norðurlandi. „Við viljum efla félagsstarfið og til þess þurfum við að hafa öfluga trúnaðarmenn hér á Norðurlandi sem og annars staðar á landinu.“



Þá sagði Kári frá starfsemi Sameykis; skipulagi skrifstofunnar, kjaramálum og stofnanasamningum, fræðslumálum og orlofsmálum. Hann sagði frá uppbyggingu orlofshúsa Sameykis á Úlfjótssvatni og víðar um landið og ræddi að uppbyggingarverkefnið á Úlfjótssvatni væri mjög stórt og óvíst væri hvort áætlanir um opnun þeirra orlofshúsa myndu standast vegna flókinna úrlausnarmála sem hafa tafið fyrir. Að loknum umræðum um orlofsmál, sem alltaf er vinsælt umræðuefni, sneri Kári máli sínu að lögum félagsins, breyttum áherslum og framtíð Sameykis. Hann sagði að nauðsynlegt hefði verið að breyta reglum í Styrktar- og sjúkrasjóði vegna þess hve hratt gekk úr sjóðnum af fé.

„Mikil sókn hefur verið í Styrktar- og sjúkrasjóð og því höfum við breytt áherslum þar sem sjóðurinn gæti staðið tæpt ef ekki hefði verið brugðist við þeim vanda. Því var gripið til þess ráðs að breyta reglunum til að tryggja jákvæða stöðu sjóðsins til framtíðar og miðast hámarkið nú við 750.000 kr. mánaðarlaun,“ sagði Kári.



Uppstillingarnefnd heyrir sögunni til

Kári boðaði breytingar á lögum félagsins á næsta aðalfundi og sagði að hann væri ekki hlynntur því, eins og verið hefði, að uppstillingarnefnd veldi eftir kúnstarinnar reglum og umsóknnum fólk á uppstillingarlista. Kári sagðist vilja opna félagið fyrir félagsfólki, gefa því tækifæri til að bjóða sig fram í stjórn og til að gegna ábyrgðarstörfum í þágu þess. „Ég er hlynntur því að opna félagið með þeim hætti að félagsfólk geti með einföldum og aðgengilegum hætti kosið sér formann og stjórn með beinni kosningu en ekki í gegnum uppstillingarlista sem lagður er fyrir trúnaðarmannaráðsfund til samþykktar. Það er einhvern algjör ómöguleiki sem fylgir þeirri aðferð að búa til uppstillingarnefnd sem starfar leynt til að velja fólk til að leiða félagið sem það á,“ sagði Kári.

Í lok fundar skipti stjórnin sér á umræðuborð með félagsmönnum til að ræða málefnið og framtíðina hjá félaginu. Að endingu voru tekin saman helstu umræðuefni á borðunum og þau kynnt á fundinum. Meðal þeirra voru eftirfarandi:

- Heildarþak sett á styrki í Styrktar- og sjúkrasjóð
- Breyta reglum í Styrktar- og sjúkrasjóði um að félagsfólk geti nýtt sér styrk út frá upphæð en ekki út frá tegund styrks eins og gleraugnastyrk
- Að Sameyki beiti sér gegn fyrirætlunum stjórnvalda að fella niður áminningarskylduna úr starfsmannalögum opinberra starfsmanna
- Innborgun séreignarsparnaðar á húsnæðislaun verði ekki afnumin
- Fjölga skuli orlofsíbúðum á erlendri grundu
- Sleppa því að vera með punktakerfi í orlofsmálum
- Að skapaður verði vettvangur fyrir félagsfólk til að ræða sín á milli um verkalyðspólitik og málefni Sameykis
- Að áhersla verði lögð á að starfsaldurshækkningar verði tíðari
- Að bætt verði við fræðslu- og starfsmenntunarnámskeiðum á Norðurlandi

Að loknum líflegum umræðum var fundi slitið. ■

Krossgátulausn



Lausnarorðið er **Pverran**



Sudoku-lausnir



8	5	4	3	2	1	9	7	6
7	6	2	4	9	5	8	3	1
1	3	9	8	7	6	4	5	2
2	1	3	9	6	8	7	4	5
4	9	6	5	1	7	2	8	3
5	7	8	2	4	3	6	1	9
9	8	1	7	5	2	3	6	4
3	2	5	6	8	4	1	9	7
6	4	7	1	3	9	5	2	8

Lausn létt

4	5	2	8	3	7	6	9	1
9	6	3	5	1	2	7	4	8
7	8	1	4	6	9	5	2	3
1	7	5	9	8	6	4	3	2
3	4	8	2	7	5	1	6	9
2	9	6	1	4	3	8	5	7
6	3	4	7	9	8	2	1	5
5	1	7	3	2	4	9	8	6
8	2	9	6	5	1	3	7	4

Lausn miðlungs

5	8	2	1	3	4	7	6	9
9	1	7	8	5	6	3	4	2
4	3	6	7	2	9	5	8	1
3	7	4	2	1	8	9	5	6
1	2	5	9	6	3	4	7	8
8	6	9	5	4	7	2	1	3
2	5	3	6	7	1	8	9	4
7	9	1	4	8	2	6	3	5
6	4	8	3	9	5	1	2	7

Lausn erfið

Vinningshafi krossgátunnar



Ragnar Haraldsson

Ragnar Haraldsson, öryggisvörður á Landspítalanum í Fossvogi, var dreginn út í lukkuhjólínu að þessu sinni. Lausnarorðið í krossgátunni í 3. tbl. 2025 var þverran.

„Ég hef starfað sem öryggisvörður á Landspítalanum í Fossvogi á þriðja ár en þar áður starfaði ég sem bílstjóri í þjónustu við fatlaða. Ég er nú bara búinn að vera í Sameykni á þriðja ár en er svona farinn að huga að eftirlaunaárunum,“ segir Ragnar og hlær.

Ragnar Haraldsson Ragnar segir að krossgátan að þessu sinni hafi verið býsna strembin og þværandi líkur á að leysa hana. „Þá kom konan mín mér til hjálpar en hún er snillingur í krossgátum,“ segir Ragnar og hlátur konunnar hans berst í gegnum símtólið. „Konan mín Joan Árórudóttir sem vinnur á bráðadeild Landspítalans og kallar ekki allt ömmu sína fannst þessi ansi snúin líka,“ bætir hann við. Spurður hvort að hann vilji þiggja vinningsupphæðina eða dvöl í orlofshúsi Sameykis segir Ragnar að þau eigi sumarbústað og vilja gjarnan þiggja peninginn. „Það eru að koma jól og svona og því kæmi peningurinn sér vel,“ segir Ragnar hlæjandi.

Við hjá Sameyki óskum Ragnari til hamingju með vinninginn og óskum honum og fjölskyldu hans gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári. ■

7								
4		9		3	6		8	7
		5		4		9		
	3			6	2	4		5
8			4					
	9	4	7	1				
6	7	2		8	4			
5						8	4	
		8	5	2	1	7	6	

Létt


	6			8				5
		3	9		7	6		
	4			5				
				9				6
8				2	1			
					5	9	7	
	7	9	3	6				
					8			
	2						1	


Miðlungs

				1			6	
3				8	5			
	8		7			1		
5	3				4			6
	6	8		3			2	
	2		9					
4								8
		7					5	
	9					2	4	

Erfið

Sudoku-praustin felst í að leysa hana með því að fylla út í reitina, í hverjum 3x3-reit birtist tölurnar 1-9. Það verður að gerast þannig að hver níu reita lína bæði lárétt og lóðrétt birti einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.





ins frá 15. september til 1. maí að undanskildum páskum, jólum og áramótum. Nægilegt er að senda svarið ásamt nafni, kennitölu, heimilisfangi og símanúmeri til Sameykis, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Vinsamlega merkið umslagði „Krossgáta“. Einnig má senda svar á netfangið krossgata@sameyki.is

Óskum
félagsfólki í
Sameyki
gleðilegra jóla
og farsældar á
komandi ári



SAMEYKI

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU